

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Hornafirði, 4. mars 2024  
nr. erindis 202403008

### **Málefni: Glacier Adventure – greinargerð með tilnefningu til Kuðungsins**

Fyrirtækið Glacier Adventure er fjölskyldurekið ferðapjónustufyrirtæki með bækistöð að Hala í Suðursveit. Markmið fyrirtækisins er að deila ást sinni og þekkingu á svæðinu með viðskiptavinum sínum, og kynna þá á öruggan hátt fyrir nokkrum af mest töfrandi stöðum Íslands. Fyrirtækið býður upp á sumar- og vetrarferðir á Vatnajökli og nágrenni, og má það meðal annars nefna ísklifur, hátindaferði, íshellaferðir sem og námskeið fyrir leiðsögumenn.

Fyrirtækið hefur markvisst unnið að því að draga úr orkunotkun og áhrifum á umhverfi sitt og hefur haft virka umhverfisstjórnun frá stofnun fyrirtækisins. Glacier Adventure hefur sett sér bæði sjálfbærni- og umhverfisstefnu og hlotið bronsvottun Vakans. Bækistöðvar fyrirtækisins eru í gömlum landbúnaðarbyggingum, fjósi og hlöðu, sem gerð hafa verið upp með vistvænum áherslum. Fyrirtækið leitast við að draga úr myndun sorps og allt sorp sem til fellur er flokkað og skilað á móttökustöð. Fyrirtækið hefur leitast við að draga úr orkunotkun þar sem reksturinn og tæknipróun býður upp á og eru ferðir skipulagðar m.t.t. orkunotkunar og til að draga úr orkuþörf. Við endurnýjun á bílaflota fyrirtækisins er það haft að leiðarljósi að draga úr olíunotkun og í þeim tilgangi hefur bensín og díselbílum verið skipt út fyrir rafmagnsbíla fyrir akstur á þjóðvegum og á láglandi. Í ferðir inn á fjallvegi hefur verið skipt í 35" bíla í staðinn fyrir 40 - 46" bíla og keyptir hafa verið 2 sprinterar sem valdir eru til notkunar á undan þeim sem eru orkufrekari. Fyrirtækið hefur staðið fyrir og tekið þátt í lagfæringum á veginum inn í Þröng m.a. til að geta oftari valið sparneytnari ökutæki. Fyrirtækinu hefur tekist að nota orkuminni bíla í nánast 95 - 98% tilfella sem farið er inn að jökli. Einnig hefur verið vistakstursnámskeið fyrir starfsmenn til að tryggja sem besta nýtingu á orku. Fyrirtækið hefur sett sér innkaupastefnu þar sem horft er til gæða og líftíma vöru fremur en verið og er húsnæði fyrirtækisins hitað upp með hitaveitu sem Hala torfan nýtir sameiginlega.

Fyrirtækið hefur sýnt samfélagslega ábyrgð með skipulagningu ýmissa viðburða fyrir sveitunga sína, s.s. tónleika og ráðstefnur. Ennfremur hefur Glacier Adventures tekið virkan þátt í umhverfisfræðslu með því að fræða gesti sína um umhverfis- og loftslagsmál bæði í ferðum sínum og með opnun loftslagsmiðstöðvar í hlöðunni á Hala. Þar er opin sýning um loftslagsbreytingar og hvernig jöklar bregðast við breytingunum, og er hún öllum opin að kostnaðarlausu.

Síðast en ekki síst hefur fyrirtækið tekið þátt í ýmsum verkefnum í samstarfi við mennta- og vísindasamfélagið og lagt þannig sitt af mörkum til að hafa áhrif á sjálfbærni til framtíðar.

Stutt er við verkefnið m.a. með fjármagni, vöktun á búnaði sem notuð eru í feltinu og veitt er aðstoð við að tryggja auðvelt aðgengi að þeim tækjum og tólum sem notuð eru með því að bjóða þeim far inn í Þröng þegar þeir stunda þar rannsóknir. Fyrirtækið hefur stutt við þó nokkurn fjölda vísindamanna á þennan hátt, bæði frá Íslandi og erlendis frá. Einnig hefur fyrirtækið útvegað aðstöðu og geymslur fyrir búnað, lánað tæknilegan búnað og verið aðilum ráðgefandi með ýmislegt sem tengist nærsvæðinu og heimamenn hafa sérþekkingu á. Vísindamenn hafa kynnt Doctors verkefni sín á Hala og á heimasíðu fyrirtækisins. Stutt hefur verið við umsóknir um rannsóknarstyrki og lögð hönd á plóg við að koma samstarfi ólíkra vísindamanna á kopinn, með annars með að tengja þá saman í gegnum starfseminu á Hala.

Það er mat umhverfis- og skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar að Glacier Adventures sé fyrirmyndar fyrirtæki í umhverfismálum og einstaklega vel að viðurkenningu Kuðungsins komið. Fyrirtækið hefur allt frá stofnun unnið með umhverfissjónarmið í forgrunni og lagt hönd á plóg, bæði til að afla vísindalegrar þekkingar um áhrif loftslagsbreytinga á Vatnajökli og nærumhverfi hans, sem og til að miðla þeirri þekkingu á kröftugan hátt bæði til íbúa og gesta.

Virðingarfyllt

---

Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

